

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Hrunamannahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulagsbreyting, Efra-Sel, landnr. 191686.

Breytingin felur í sér óverulega breytingu á gildandi deiliskipulagi fyrir Efra-Sel þar sem notkun á íbúðarhúsi ÍB2 er breytt í gistiheimili. Breyting þessi er í samræmi við gildandi aðalskipulag Hrunamannahrepps 2016-2032 þar sem landnotkun á svæðinu er skilgreind sem verzlunar- og þjónustusvæði. Uppdráttur og byggingarskilmálar haldast óbreyttir fyrir lóðina. Samþykkt í sveitarstjórn 14. maí 2019.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 24. júní 2019.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Rúnar Guðmundsson.

B-deild – Útgáfud.: 9. júlí 2019